



## Fagbréf staðfestir nám á vinnustað

Um þessar mundir er að ljúka tilraunaverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um [raunfærni](#)mat á [móti viðmiðum atvinnulífsins](#). Í verkefninu gafst starfsfólki nokkurra fyrirtækja tækifæri til þess að fá færni sína metna og staðfesta með fagbréfi.

Dominos var eitt af fyrirtækjunum. Átta starfsmenn fyrirtækisins fengu mat á raunfærni til styttingar á [Fagnámi í verslun og þjónustu](#). Þeir hafa nú lokið vinnustaðahluta fagnámsins sem er samtals 30 einingar og hlotið staðfestingu í formi fagbréfs. Við náðum tali af einum þeirra, Stefáni Þór Péturssyni og báðum hann um að segja frá reynslu sinni af þátttöku í verkefninu. Stefán er af Suðurlandi og hafði verið í námi við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

### Vinnan lokkaði

Stefán Þór var á næst síðustu önn í námi til stúdentsprófs þegar hann hætti í skólanum. Hann hafði eins og svo margir aðrir unglingar á Íslandi verið í vinnu meðfram náminu. Hann vann hjá Dominos og þar hafði honum verið sagt að hann myndi verða verslunarstjóri eftir eitt ár. Hann var ánægður í vinnunni en ákvað samt að reyna að ljúka skólanum. Þá breyttust aðstæður. Verslunarstjórinn sem að hann átti að taka við af hætti skyndilega og því tók Stefán við sem verslunarstjóri mun fyrr en áætlað hafði verið. Eða í ágúst skömmu fyrir upphaf næstsíðustu annarinnar í skólanum. Áhuginn á náminu leið fyrir spennandi starf.

„Ég hætti í skólanum eða var rekinn vegna slæmrar mætingar þar því það var skemmtilegra í vinnunni og tilgangurinn augljósari,“ segir Stefán. „Ég reyndi fjarnám, byrjaði vel en náði aldrei almennilegum tókum á því. Kláraði ekki, náði ekki að skila verkefnum á réttum tíma.“

## Ákvað að slá til og reyna aftur

„Ég var verslunarstjóri í þrjú ár en fluttist til í starfi, hingað upp á skrifstofu 2019. Þá stóð til að prufukeyra námið, mér bauðst að taka þátt. Ég sló til, ákvað að láta á reyna hvort ég gæti byrjað aftur í námi. Ég var kominn með námsleiða á sínum tíma í fjölbrautaskólanum. En ég fann fljótlega að þetta hentaði mér. Mér finnst auðvelt að stunda námið með vinnunni, get klárað verkefni í skólanum um helgar eða á þeim tíma sem hentar mér,“ staðfestir Stefán.

## Þróun mannauðsins skiptir miklu hjá Dominos



Stefán heldur áfram: „Það starfa á sjöunda hundrað hjá fyrirtækinu. Við hjá Dominos erum hvött til þess að sækja okkur menntun. Reynt er eftir fremsta megni að mæta þörfum þeirra sem hafa hug á því. Gefum færi á að taka leyfi eða minnka vinnu til þess að sinna náminu. Fagnámið er náttúrulega nýtt og er í boði fyrir verslunarstjórana og þá sem vinna hérna á skrifstofunni og nú voru samtals 8 sem luku verklegum hluta námsins og fengu fagbréf til staðfestingar á því.

## Mat á raunfærni gagnast

Stefán gekk í gegnum raunfærnimat og fékk námið sem hann hafði lokið metið til styttingar á fagnáminu. „Ég á enn eftir að taka áfanga sem tilheyra bóknámshlutanum, nefnir til dæmis bókhald og hagfræði. Allt efni sem tengist samt starfinu og ég hef góð tök á. Að loknu fagnáminu stendur

eftir aðeins eftir einn áfangi í íslensku í námi til stúdentsprófs og nú stefni ég á að ljúka fagnáminu og vonandi stúdentsprófinu á vordögum 2021. Gott að hafa það ef maður skyldi vilja bæta við sig. Ég hef hug á frekara námi á Bifröst, á bara eftir að ákveða hvaða stefnu ég ætla að taka þar,“ segir Stefán.

## Hvetur sitt fólk til að nýta tækifærið

„Ég ber sem svæðisstjóri ábyrgð á verslunarstjórum að reyna að hvetja mitt fólk til þess að nýta þetta tækifæri til raunfærnimats, styttingar á fagnámi sem gagnast því ótvírætt í starfi og nýtist fyrirtækinu. Ég er sjálfur himinlifandi með að þetta sé í boði hjá Dominos og ég hafi getað nýtt mér það. Það er talsvert mikill munur á því að vera í framhaldsskólanum og í fagnámi sem tengist beint starfi sem þú sinnir. Bæði starfið og námið verða áhugaverðara, segir Stefán Þór Pétursson að lokum.

## Fagnám í verslun og þjónustu

Fyrst aðeins um samhengið. Fagnám í verslun og þjónustu er árangur af þróunarverkefni sem Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) hratt af stað fyrir starfsfólk í verslun og þjónustu. Fulltrúar frá Verzlunarskólanum, SVS, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mími-símenntun, Samkaup, Lyfju og Húsasmiðjunni sátu í þróunarhópi sem vann að verkefninu. Fyrsta skrefið fólst í kortlagningu starfa í verslun og skilgreiningu á því hvað einstaklingar sem starfa við verslun og þjónustu þurfa að kunna, hvaða hæfni þeir þurfa að búa yfir. Því næst var lagður grunnur að raunfærnimati í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími-símenntun með mótun viðmiða fyrir hæfnina. Þar næst var fagnám í samstarfi við Verzlunarskólann þróað. Markmið námsins, er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir.

## Raunfærnimat og fagbréf

Reynt starfsfólkgetur farið í raunfærnimat og fengið stöðu sína metna til styttingar á náminu sem boðið er upp á í [Verzlunarskóla Íslands](#). Námið er samtals 90 einingar í þremur vörðum þar sem flettast saman bóklegir áfangar (60 einingar) og vinnustaðanám (30 einingar). Vinnustaðanámið fer fram í samvinnu við fyrirtækið þar sem nemendur starfa. Viðurkenning á að þeir hafi lokið því er veitt með fagbréfi. Þeir sem ljúka Fagnámi í verslun og þjónustu og vilja halda áfram námi geta þar að auki bætt við sig og lokið stúdentsprófi í fjarnámi frá Verzlunarskólanum.

Aðrar greinar um [fagnám í verslun og þjónustu](#) og [raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins](#)

Skýrsla um tilraunaverkefnið [Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa](#)

## Um höfundinn



Sigrún Kristín Magnúsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún er ritstjóri Gáttar og vinnur verkefni í Hæfnisetri ferðaþjónustunnar. Hún hefur sinnt ýmsum störfum við menntun og fræðslu fullorðinna í nær þrjú áratugi.